

sóknar varðandi áreksturinn sjálfan bendir frekar til hins gagnstæða. Þykir því verða að sýkna ákærða fyrir brot gegn 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess ber að geta, að ekki var ákært fyrir að hafa neytt áfengis á opinberum stað, og kemur það brot ákærða hér eigi til álita.

Að öllu ofangreindu athuguðu verður að telja, að leggja beri kostnað allan af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hrl., á ríkissjóð.

Þykja málsvarnarlaunin hæfilega ákveðin kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Arnþór Einarsson, skal sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Ríkissjóður greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í máli þessu, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1.000,00.

Miðvikudaginn 14. janúar 1959.

Nr. 166/1958. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Alídu Ólsen Jónsdóttur

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýknað af bifreiðalagabroti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Samkvæmt athugun lögreglumanna á vettvangi var bifreið ákærðu, V-175, komin aðeins 80 sm inn á vegamót Skólaveggar og Hvítungavegar, er umræddur árekstur varð. Virðist ökumaður V-37 því hafa haft nægilegt svigrúm til beygju þeirrar, sem um var að tefla. Að svo vöxnu máli þykir eigi í ljós leitt, að akstur ákærðu varði við lagaboð þau, sem í ákæruskjali eru talin. Ber því að sýkna hana af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessum úrslitum leggst allur sakarkostnaður á ríkis-

sjóð, þar með talin laun verjanda í héraði, kr. 700,00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærða, Alíða Ólsen Jónsdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Jóns Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, kr. 700,00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Ákærðu bar að gæta sérstakrar varúðar, er hún ók bifreið sinni eftir Skólavegi og mátti búast við umferð frá vinstri frá Hvítungavegi. Veitti það og ákærðu enn brýnni ástæðu til að gæta varúðar og stöðva bifreið sína við gatnamótin, að girðing virðist hafa skagað nokkuð út í Hvítungaveg við mót hans og Skólavegar. Nú er sannað með eiðfestum framburði þriggja vitna, að bifreið ákærðu var á ferð, er bifreið hennar og bifreiðin V-37 rákust á inni á gatnamótunum. Hefur ákærða því með akstri sínum brotið gegn þeim ákvæðum laga og lögreglusamþykktar, sem greind eru í ákæruskjali, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. og 49. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958. Leysir það ekki ákærðu undan sök, þótt mjög hafi skort á löglegan akstur af hálfu ökumanns V-37 í umrætt skipti.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 200,00 króna sekt í rikissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-

flutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð okkar er því þannig:

Ákærða, Alída Ólsen Jónsdóttir, greiði 200,00 króna sekt í rikissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verjandi í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 30. sept. sl. af dómsmálaráðherra, gegn Alíðu Olsen Jónsdóttur, Heiðarvegi 51, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa fimmtudaginn 6. desember 1956 um kl. 11 ekið bifreiðinni V-175 suður Skólaveg í Vestmannaeyjum og inn í gatnamót hans og Hvítungavegar án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn, með þeim afleiðingum, að bifreið ákærðu lenti í árekstri við bifreiðina V-37, sem ekið var henni á vinstri hönd inn í gatnamótin“. Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, og 49. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41/1928.

Ákærast því framangreind Alída Olsen Jónsdóttir til að sæta refsingu skv. 38. gr. 1. nr. 23/1941, 14. gr. 1. nr. 24/1941 og 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41/1928, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða er fædd 22. desember 1924 á Ísafirði og hefur ekki sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 6. desember um kl. 11 varð bifreiðaárekstur á gatnamótum Skólavegar og Hvítungavegar milli vörubifreiðarinnar V-37, sem Már Frimannsson ók, og fólksbifreiðarinnar V-175, sem ekið var af ákærðu. Við áreksturinn urðu allmiklar skemmdir á V-175, en engar skemmdir urðu á V-37. Að frum-

rannsókn lokinni var málið sent dómsmálaráðuneytinu til fyrir-sagnar. Ráðuneytið taldi báða bifreiðarstjórana vera samvalda að árekstrinum og heimilaði, að málinu mætti ljúka með réttarsátt. Var gerð réttarsátt við Má Frimannsson í sakadómi Vestmannaeyja 18. júlí 1957 vegna brots hans, en ákærða neitaði að undirgangast greiðslu sektar, þar eð hún taldi sig ekki hafa átt sök á árekstrinum. Dómsmálaráðherra fyrirskipaði þá máls-höfðun á hendur ákærðu, eins og að framan greinir.

Ákærða skýrir svo frá, að hún hafi komið akandi upp Skólaveg á bifreiðinni V-175, og kveðst hafa ekið alveg með rennu-steinunum á vinstri vegarhelmingi með 10—12 km hraða á klst. Þegar ákærða kom að gatnamótum Hvítungavegar og Skólavegar, kveðst hún hafa séð vörubifreiðina V-37 koma akandi vestur Hvítungaveg, og ætlaði sú bifreið sýnilega að aka inn á Skólaveg. Hægði ákærða þá ferðina og stöðvaði bifreiðina á horninu, og kveður hún bifreið sína þá ekki hafa verið komna inn á Hvítungaveg. Ákærða segir, að bifreiðinni V-37 hafi verið ekið frekar hægt eftir miðjum Hvítungavegi, og beygði bifreiðin til hægri inn á Skólaveg. Þegar bifreiðin V-37 beygði inn á Skólaveg, rakst hún á bifreið ákærðu að sögn hennar. Kveður ákærða bifreiðina V-37 hafa rekizt á framhögghlífina hægra megin á V-175 svo og á hægra frambrettið. Við áreksturinn bognaði endinn á högghlífinni, hægra frambrettið eyðilagðist, og bæði framljósín hægra megin brotnuðu. Enn fremur skemmdist hlífin á vélarhúsinu.

Már Frimannsson bifreiðarstjóri skýrir svo frá, að hann hafi komið akandi vestur Hvítungaveg á vörubifreiðinni V-37. Hann kveðst hafa ekið með hægri ferð vinstra megin á götunni. Már kveðst hafa tekið góða beygju til hægri inn á Skólaveg. Þegar hann tók beygjuna, kveðst hann hafa séð til ferða bifreiðarinnar V-175, sem kom akandi upp Skólaveg, og var bifreiðin á móts við húsið Skólaveg 27, þegar Már kom auga á hana. Már kveðst ekki hafa talið neina hættu á árekstri af völdum nefndrar bifreiðar, þar eð bifreiðin kom frá hægri og var í þó nokkurri fjarlægð frá honum, er hann ók inn á Skólaveg. Að sögn Mús rákust bifreiðarnar saman á beygjunni. Hann kveðst ekki hafa haft aðstöðu til þess að dæma um það, hvort bifreiðin V-175 var þá á ferð eða hafði numið staðar. Már kveður V-175 hafa verið komna nokkuð fram fyrir hornið á Hvítungavegi eða sem næst á móts við miðjan Hvítungaveg, þegar áreksturinn varð.

Vitnið Árni Pálsson sjómaður ber, að það hafi verið statt

á gatnamótum Skólavegar og Hvítungavegar, þegar það sá fólksbifreiðina V-175 koma akandi á hægri ferð alveg með rennusteinunum á vinstri vegarhelmingi Skólavegar. Vörubifreiðin V-37 kom akandi vestur Hvítungaveg og beygði inn á Skólaveg, og var bifreiðin um 1 faðm frá horninu á gangstéttinni við húsið Skólaveg 27, þ. e. á hægri vegarhelmingi. Í sömu andrá kom bifreiðin V-175 akandi að nefndu horni á hægri ferð, og rákust bifreiðarnar saman. Virtist vitninu, að V-175 lenti með hægri frambretti á hægri afturhjól V-37. Vitnið kveður V-175 hafa verið á hægri ferð, er bifreiðarnar rákust saman. Vitnið kveður bifreiðina V-175 hafa verið komna aðeins fram fyrir hornið á Hvítungavegi, þegar áreksturinn varð.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Þórður Ólafsson forstjóri, sem var farþegi í bifreiðinni V-175, ber, að það hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar. Vitnið kveður bifreiðina hafa ekið mjög hægt upp vinstri vegarhelming Skólavegar. Þegar bifreiðin nálgast gatnamót Skólavegar og Hvítungavegar, kveðst vitnið hafa tekið eftir vörubifreiðinni V-37, sem kom akandi vestur Hvítungaveg að gatnamótunum. Bifreiðin hægði ferðina, er hún kom að gatnamótunum, en eigi að síður atvikaðist það þannig, að bifreiðarnar rákust á, og virtist vitninu, að V-175 rækist á hægri afturhjól V-37. Vitnið kveður V-175 hafa verið á mjög hægri ferð og við það að stanza, þegar áreksturinn varð. Bifreiðin V-37 ók einnig mjög hægt, en vitninu virtist bifreiðin vera á hægri vegarhelmingi. Vitnið segir, að sér hafi virzt V-175 ekki vera komin lengra en á móts við hornið, þegar áreksturinn varð, en kveðst þó ekki þora að fullyrða það.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Halldóra Hjaltadóttir ber, að það hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar V-175. Það kveður bifreiðina hafa ekið hægt upp Skólaveg á vinstri vegarhelmingi. Vitnið segist hafa tekið eftir vörubifreið, sem kom akandi mjög hægt sem næst á miðjum Hvítungavegi, að því er vitnið minnir, og beygði bifreiðin inn á Skólaveg. Þegar vörubifreiðin var að beygja inn á Skólaveg, rákust bifreiðarnar saman, og minnir vitnið, að V-175 hafi lent á hægri afturhjól V-37. Vitnið segir, að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, þegar áreksturinn varð, en kveður V-175 hafa ekið mjög hægt og verið við það að stanza. Við áreksturinn kastaðist V-175 aftur á bak, að því er vitnið minnir. Vitnið kveður sig minna, að V-175 hafi verið rétt um hornið á Hvítungavegi, þegar áreksturinn varð, eða verið komin rétt fram fyrir það.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Verjandi ákærðu hefur krafizt þess, að ákærða verði sýknuð í máli þessu, m. a. vegna þess, að bifreiðin V-37 er ranglega tilgreind í ákæruskjali sem V-27. Þar eð hér er um augljósa ritvillu að ræða og hegðun ákærðu virðist vera rétt lýst í ákæruskjali, verður varnarástæða þessi ekki tekin til greina, sbr. 3. mgr. 118. gr. 1. nr. 27/1951.

Með því að þrjú vitni, sem staðfest hafa framburð sinn með eiði, hafa öll borið, að bifreið ákærðu hafi verið á ferð, er áreksturinn varð, verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærðu, að hún hafi með akstri sínum umrætt sinn gerzt brotleg við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, svo og 49. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41/1928.

Refsing ákærðu þykir skv. 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar hæfilega ákveðin 500,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hennar, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700,00.

Dómsorð:

Ákærða, Alíða Olsen Jónsdóttir, greiði 500,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.